

72 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar-
31. júlí sjóð Lárusar G. Lúðvígssonar, skósmiðs í Reykjavík, og konu hans Málfríðar Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 31. júlí 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Lárusar G. Lúðvígssonar, skósmiðs í Reykjavík, og konu hans, Málfríðar Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Lárusar G. Lúðvígssonar, skósmiðs í Reykjavík, og konu hans, Málfríðar Jónsdóttur“.

Sjóðurinn er stofnaður haustið 1927 til minningar um stofnanda firmans „Lárus G. Lúðvígsson“ — Lárus G. Lúðvígsson, skósmið í Reykjavík og konu hans Málfríði Jónsdóttur — af sonum þeirra, Lúðvíg, Jóni og Óskari, í tilefni af því að þá varð firmað 50 ára.

Stofnfé sjóðsins er 20.000 — tuttugu þúsund — krónur, í tveim veðskuldarbréfum:

- 1) Veðskuldarbréf útgefið 13. jan. 1923 af Þorbjörgu Friðgeirsson, tryggt með 5. veðrétti í 1/2 húseigninni nr. 14 við Bergstaðastræti hér í bæ, að eftirstöðvum 14550 — fjórtán þúsund fimm hundruð og fimmtíu — krónur.
- 2) Veðskuldarbréf útgefið 1. nóvember 1927 af Birni Gunnlaugssyni, tryggt með 4. veðrétti í húseigninni nr. 48 við Laugaveg hér í bæ, að upphæð 5450 — fimm þúsund fjögur hundruð og fimmtíu — krónur.

Hefir firmað Lárus G. Lúðvígsson með áritun sinni tekið á sig ábyrgð á skilvísri greiðslu skuldabréfanna.

2. gr.

Jafnóðum og veðskuldarbréfin greiðast skal kaupa fyrir andvirði þeirra veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, unz öllum sjóðnum er breytt í veðdeildarbréf, og skal hann upp frá því alltaf vera í veðdeildarbréfum, eða bréfum þeim, er koma kunna í stað veðdeildarbréfanna, ef veðdeildinni kann að verða breytt, en þó skulu það aðeins vera 1. veðréttarbréf.

3. gr.

72

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða. En vöxtum af honum skal^{31.} júlí verja til þess að greiða kostnað eins sjúkrarúms í Landsspítalanum í Reykjavík árið um kring (365 legudaga á ári) fyrir fátækt fólk, sem ekki er fært að greiða sjúkravistina á spítalanum af eigin fé.

4. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa þegar ríkisstjórnin telur hann vera orðinn svo stóran að hann geti fullnægt tilgangi sínum (sbr. 3. gr.), en til þess tíma bætast vextirnir við höfuðstólinn. Einnig leggjast þeir vextir við höfuðstólinn, er umfram kunna að verða árleg gjöld hans, samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismálin, veitir styrk úr sjóðnum eftir tillögum yfirstjórnar Landsspítalans.

6. gr.

Landlæknir skal fyrst um sinn geyma þennan sjóð og gera árlega reikning hans og birta í Lögbirtingablaðinu, eftir að dómsmálaráðuneytið hefir yfirfarið hann. Skal landlæknir sjá um sjóðinn, unz ríkisstjórnin ákveður að sjóðurinn skuli taka til starfa. En þá skal yfirstjórn Landsspítalans taka við stjórn sjóðsins.

S A M Þ Y K K T

um

73

12. ágúst

breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf í heimalandi í sumar frá því 11 vikur eru af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gjört samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. ágúst 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.